

Mánudaginn 18. janúar 1988.

Nr. 14/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Braga Ólafssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. janúar 1988, sem barst Hæstarétti 13. sama mánaðar. Hann krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar. Er í því sambandi vísað til 1. og 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til raka héraðsdómara ber að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 12. janúar 1988.

Ár 1988, þriðjudaginn 12. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu að kærða, Braga Ólafssyni, fæddum 17.11. 1936, til heimilis að Klapparstíg 11 hér í borg, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar nk. kl. 17:00, en hann er grunaður um að vera valdur að dauða eiginkonu sinnar, Grétu Birgisdóttur, fæddar 23.04. 1961.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

Málavextir eru þeir að kl. 19:30 sunnudaginn 10. janúar sl. hringdi kærði til lögreglunnar í Reykjavík og bað um lögregluaðstoð vegna konu er hefði hengt sig. Er lögreglan kom á vettvang lá áðurnefnd Gréta látin á stofu-gólfinu og voru töluverðir áverkar á andliti og hálsi hinnar látnu.

Samkvæmt krufningarskýrslu Gunnlaugs Geirssonar var banamein konunnar köfnun. Höfðu þrjú bönd herst að hálsi hennar framanverðum og að hliðum og var þrýstingur mestur undan miðbandinu, sem hefur grópast að, brotið skjaldbrjóskið og lokað öndunarvegum.

Kærði hefur borið að þau hafi neytt áfengis og lyfja á heimili sínu frá fimmtudagskvöldinu og hafi þau bæði verið undir miklum áfengisáhrifum. Að sögn kærða ræddi Gréta um að fremja sjálfsmorð og var með einhverja tilburði í þá átt. Kvaðst kærði síðan hafa sofnað eftir að hann taldi að Gréta væri að sofna. Kvaðst kærði eftir 5-6 tíma svefn hafa vaknað og þá séð Grétu hanga í köðlum sem eru fyrir svefnherbergisdyrum. Kvaðst kærði hafa losað um hana og lagt hana til en ekki gert sér grein fyrir því fyrr en síðar að Gréta var látin. Að sögn kærða áttu engin átök sér stað milli þeirra.

Þar sem rannsókn máls þessa er á frumstigi og ítarleg rannsókn þarf að fara fram á því hvort kærði sé valdur að dauða konunnar, þykir rétt með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. íl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00, enda er hann grunaður um brot er varðað getur hann fangelsisrefsingu samkvæmt ákvæðum XXIII. kafla almennra hegningarlaga.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Bragi Ólafsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 3. febrúar 1988 kl. 17:00.